

REGLUGERÐ KSÍ um búnað knattspyrnuliða

1. gr.

Búningur

1.1. Keppnisbúningur knattspyrnuliðs er treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við knattspyrnulögin eins og annar búnaður leikmanns.

2. gr.

Litir búnings

2.1. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.

2.2. Litir keppnisbúnings skulu mest vera þrír en aðallitir treyju þó mest tveir. Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings. Aðallitir varakeppnisbúnings skulu mest vera tveir.

2.3. Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.

3. gr.

Merkingar og auglýsingar

3.1. Allar merkingar og auglýsingar skulu vera þannig að aðallitir búningsins séu vel greinanlegir.

3.2. Auglýsingar og merkingar skulu vera eins á öllum keppnisbúningum sama liðs fyrir utan tölustafi í númeri.

3.3. Heimilt er að hafa merki eða nafn félags í barmi treyju, á skálm stuttbuxna að framan og á báðum sokkum. Til skreytingar má hafa nafn félags á öðrum stöðum en þá í litlum stöfum.

3.4. Heimilt er að hafa merki framleiðanda á treyju, á stuttbuxum og á báðum sokkum.

3.5. Á baki treyjum skal vera vel greinanlegt númer og skulu tölustafirnir vera a.m.k. 25 cm háir og heimilt er að setja vel greinanlegt númer á skálm stuttbuxna að framan og skulu tölustafir vera a.m.k. 10 cm háir.

3.6. Heimilt er að hafa auglýsingar á keppnisbúningi (treyju, stuttbuxum og sokkum). Auglýsing má aðeins varða vörutegund eða þjónustu sem ekki vinnur gegn hugsjónum íþróttamanna. Gera skal ráð fyrir auglýsingum á báðum ermum treyju fyrir samstarfsaðila viðkomandi deildar hjá öllum liðum í deildinni þegar við á. Stærðir auglýsinga á keppnisbúningi afmarkast af því að virða skal ákvæði 3.1.

3.7. Heimilt er að setja gylltar stjörnur á treyju fyrir ofan félagsmerki og fer fjöldi stjarna eftir því hversu marga Íslandsmeistararitla viðkomandi félag hefur unnið í meistaraflokki. Fyrstu gylltu stjörnuna er heimilt að setja þegar félag hefur unnið 5 meistararitla og bætist við stjarna í fimmta hvert skipti eftir það. Stjörnurnar skulu að hámarki vera 2 cm háar.

4. gr.

Viðurlög

4.1. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ skal gera nauðsynlegar úrbætur á merkingum eða auglýsingum á keppnisbúningi meti framkvæmdastjóri KSÍ þær ganga gegn ákvæði 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar og skal það gert innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjóri KSÍ ákvarðar.

4.2. Framkvæmdastjóri KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ meintum brotum á reglugerð þessari. Málsmeðferð fer samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og getur nefndin beitt þeim viðurlögum sem þar er getið.

5.gr.

Gildistaka

5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða.

Samþykkt af stjórn KSÍ 2016.